

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1204****2021/EES/74/31****frá 10. maí 2021****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/856 að því er varðar málsmeðferð við umsókn og valferli hjá nýsköpunarsjóðnum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum fjórðu undirgrein 8. mgr. 10. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/856 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur um starfsemi nýsköpunarsjóðsins. Þar er komið á málsmeðferð á tveimur stigum við umsókn sem samanstendur af yfirlýsingu um áhuga og fullgerðri umsókn.
- 2) Málsmeðferð á tveimur stigum við umsókn hefur þann kost að draga úr stjórnsýsluálagi á talsmenn verkefna á fyrra stiginu en hún lengir jafnframt tímabilið milli framlagningar umsókna og veitingar fjármögnunar til árangursríkra verkefna. Reynslan af fyrstu auglýsingu eftir tillögum, þar sem mjög margar umsóknir bárust þar sem verkefni voru mislangt á veg komin, sýndi þörfina á því að stytta þetta tímabil til að gera það kleift að veita verkefnum sem eru langt á veg komin stuðning tímanlega. Stytting þessa tímabils væri einnig til hagsbóta með tilliti til efnahagslegs bata þar sem virkja þarf hratt fjárfestingar til að auka hreina tækni.
- 3) Því er nauðsynlegt að kveða á um málsmeðferð á einu stigi við umsókn sem samanstendur af fullgerðri umsókn án stigs yfirlýsingar um áhuga. Framkvæmdastjórnin ætti að geta valið milli málsmeðferðar á tveimur stigum við umsókn eða málsmeðferðar á einu stigi við umsókn, eftir því sem við á, þegar hún ákveður að standa fyrir auglýsingum eftir tillögum.
- 4) Í framseldri reglugerð (ESB) 2019/856 er kveðið á um þróunaraðstoð til verkefnis fyrir verkefni sem uppfylla ekki viðmiðunina um hversu langt á veg verkefni skuli komið, sem sett er fram í c-lið 1. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar, en geta mögulega uppfyllt þá viðmiðun. Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/856 má sú aðstoð einungis vera í formi fjárstyrks. Í því skyni að stuðla að enn frekari þróun þessara verkefna er nauðsynlegt að veita megi slíka aðstoð einnig í formi tækniáðstoðar.
- 5) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/856 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2019/856**

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/856 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 2. mgr. 9. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 261, 22.7.2021, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 309/2021 frá 29. október 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/856 frá 26. febrúar 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar starfsemi nýsköpunarsjóðsins (Stjtið. ESB L 140, 28.5.2019, bls. 6).

„d) lýsingu á málsmeðferð við umsókn, þar sem tilgreint er hvort málsmeðferð á einu stigi eða tveimur stigum við umsókn eigi við, og ítarlega skrá yfir upplýsingar og skjöl sem skal leggja fram með umsókninni,“.

b) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) ef einfaldaðri málsmeðferð við umsókn er beitt í samræmi við 4. mgr. 10. gr. og sértæku valferli í samræmi við 6. mgr. 12. gr. b fyrir minni háttar verkefni: reglur um þessa sértæku málsmeðferð,“.

2) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Framkvæmdaraðili skal safna saman umsóknunum og skipuleggja málsmeðferð við umsókn eins og ákvarðað er skv. d-lið 2. mgr. 9. gr.“

b) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Málsmeðferð á tveimur stigum við umsókn skal samanstanda af eftirfarandi stigum:

- a) stigi yfirlýsingar um áhuga,
- b) stigi fullgerðrar umsóknar.

Á stigi yfirlýsingar um áhuga skal talsmaður verkefnisins leggja fram lýsingu á meginatriðum verkefnisins, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðkomandi auglýsingu eftir tillögum, þ.m.t. lýsing á árangri af verkefninu, nýsköpunarstig og hversu langt á veg það er komið eins og nánar er tilgreint í a-, b- og c-lið 1. mgr. 11. gr.

Á stigi fullgerðrar umsóknar skal talsmaður verkefnisins leggja fram ítarlega lýsingu á verkefninu og öll fylgiskjöl, þ.m.t. áætlun um miðlun þekkingar.

3. Ef málsmeðferð á einu stigi við umsókn á við skal talsmaður verkefnisins leggja fram fullgerða umsókn eins og lýst er í þriðju undirgrein 2. mgr.“

3) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar 12. gr. kemur eftirfarandi:

„**Valferli fyrir málsmeðferð á tveimur stigum við umsókn**“.

b) Ákvæði 6. mgr. falla brott.

4) Eftirfarandi 12. gr. a og 12. gr. b er bætt við:

„12. gr. a

Valferli fyrir málsmeðferð á einu stigi við umsókn

1. Á grundvelli þeirra umsókna sem berast skal framkvæmdaraðilinn meta, að því er varðar hvert verkefni, aðstoðarhæfið í samræmi við 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Framkvæmdaraðilinn skal síðan halda áfram við val á aðstoðarhæfum verkefnum skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Á grundvelli þeirra umsókna sem berast skal framkvæmdaraðilinn taka saman skrá yfir verkefni sem uppfylla valviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 11. gr. og skal halda áfram úttekt og forgangsröðun verkefnis á grundvelli valviðmiðana sem mælt er fyrir um í þeirri grein. Að því er varðar fyrnefnda úttekt skal framkvæmdaraðilinn bera verkefnið saman við verkefni innan sama geira sem og verkefni í öðrum geirum. Við lok matsins skal framkvæmdaraðilinn taka saman skrá yfir fyrirframvalin verkefni.

3. Ef framkvæmdaraðilinn kemst að þeirri niðurstöðu að verkefni uppfylli valviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í a-, b-, d- og e-lið 1. mgr. 11. gr. og, eftir atvikum, valviðmiðunina sem komið er á í samræmi við 2. mgr. 11. gr., en uppfylli ekki viðmiðunina sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 11. gr. skal hann meta hvort verkefnið geti mögulega uppfyllt þá valviðmiðun ef það er þróað enn frekar. Ef verkefnið hefur slíka möguleika er framkvæmdaraðilanum heimilt að veita viðkomandi verkefni þróunaraðstoð til verkefnis eða, ef framkvæmdastjórnin veitir þróunaraðstoð til verkefnis, leggja til við framkvæmdastjórnina að verkefninu verði veitt þróunaraðstoð til verkefnis.

4. Senda skal framkvæmdastjórninni skrá yfir fyrirframvalin verkefni, sem um getur í 2. mgr., og, eftir atvikum, tillöguna sem um getur í 3. mgr., og skal hún innihalda a.m.k. eftirfarandi:

- a) staðfestingu á að farið sé að viðmiðunum um aðstoðarhæfi og valviðmiðunum,
- b) upplýsingar um úttekt á verkefni og forgangsröðun,
- c) heildarkostnað við verkefnið og viðkomandi kostnað, sem um getur í 5. gr., í evrum,
- d) beiðni um stuðning samtals frá nýsköpunarsjóðnum, í evrum,
- e) magn losunar gróðurhúsalofttegunda sem áætlað er að komast hjá,
- f) magn orku sem áætlað er að framleiða eða geyma,
- g) magn koltvísýrings sem áætlað er að geyma,
- h) upplýsingar um rekstrarform að lögum, að því er varðar stuðning frá nýsköpunarsjóðnum sem talsmaður verkefnisins óskar eftir.

5. Á grundvelli þess sem var sent skv. 4. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin í samræmi við 2. mgr. 21. gr., samþykkja ákvörðun um veitingu stuðnings þar sem stuðningur til valinna verkefna er nánar tilgreindur og, eftir því sem við á, taka saman varaskrá.

12. gr. b

Valferli fyrir minni háttar verkefni

Þrátt fyrir 12. gr. og 12. gr. a má nota sértækt valferli fyrir minni háttar verkefni.“

5) Í stað 2. mgr. 13. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin eða framkvæmdaraðilinn skal veita þróunaraðstoð til verkefnis, í samræmi við 2. mgr. 12. gr. eða 3. mgr. 12. gr. a, í formi styrks eða tækniáðstoðar.“

6) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) skrána yfir fyrirframvalin verkefni, þ.m.t. varaskráin, og skrána yfir verkefni sem lögð eru til vegna þróunaraðstoðar til verkefnis, í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 12. gr. eða 3. mgr. 12. gr. a, áður en stuðningur er veittur.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin skal gefa aðildarríkjunum skýrslu um framvindu við að koma þessari reglugerð til framkvæmda, einkum að því er varðar framkvæmd ákvarðana um veitingu stuðnings sem um getur í 5. mgr. 12. gr. eða 5. mgr. 12. gr. a.“

7) Í stað 4. mgr. 27. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Talsmenn verkefna skulu veita nákvæmar upplýsingar um fyrirhugaðar aðgerðir, í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar, í áætluninni um miðlun þekkingar sem er lögð fram í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 10. gr.“

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
